

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

Vegna rafmagnssölu.

A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

- A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.
- B1. Til notkunar á heimilum.
- B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaða flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 400 V.
- C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafli. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafli reiknast hæsta meðalafli í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

- D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:
 - a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);
 - b. að vélaafli, spennar og rafstrengir þoli álagið;
 - c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;
 - d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;
 - e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;
 - f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1.
 - g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun er ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.
- D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.
- D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14 1/2 klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafnmikið afl órofið.

Annað.

- 1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Veitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um stundar-

- sakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
2. Gjald samkvæmt taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu veitustjórnar.
Á hesthúsa- og hafnasvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slík sala er háð samþykki veitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
 3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduroppun samkvæmt þessum lið E3.
 4. Þurfi að senda út lokunartilkyningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkvæmt lið E4.
 5. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
 6. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

- a. Veitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalinn 15 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.
- c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
- d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnaði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitustjóra. Húsnaðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnaðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsníðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
- f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Raforkusala.**B-hluti.**

	Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1 Almenn notkun	2.381	6,38
B1 Heimilisnotkun	2.381	6,03
B2 Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.550	7,30
C1 Stórnotkun (Afltaxti)	27.119	2,62
Aflgjald kr/kW/ár	7.555	
D1 Hitun án rofs	4.149	5,97
D2 Hitun, rof 1,5 klst.	4.225	3,34
D3 Hitun, rof 2,5 klst.	4.225	3,02
D4 Næturhitun	4.225	2,17
D5 Sumarhitun	4.225	2,33
D6 Rof breytilegt	4.225	2,75
E1 Sérsamningar		
E2 Gatna- og hafnarlýsing	26.454 kr/kVA/ár	
E3 Lokun og enduropnun veitu	1.528	
E4 Innheimtugjald	552	
E5 Álestrargjald	552	

Leigugjöld**Fastagjald kr/ár**

10 Einfasa mælir	427
11 Einfasa mælir með liða	2.199
20 Þrífasa mælir	1.662
21 Þrífasa mælir með liða	3.258
24 Þrífasa mælir með straumspenni	4.158
30 Þrífasa aflmælir	2.608
31 Þrífasa aflmælir með straumspenni	5.060

Heimtaugar

<i>Málstærð</i>	<i>Stofngjald</i>	<i>Gjald yfirlengdar kr/m</i>
63 A 1 fasi	34.060	1.467
63 A 3 fasa	58.083	1.792
100 A 3 fasa	83.493	2.155
200 A 3 fasa	147.616	3.012
350 A 3 fasa	241.967	4.297

Spennistöðvar

<i>Stærð spennis</i>	<i>Stofngjald</i>
300 kVA	280.642
500 kVA	568.642
600 kVA	653.779
800 kVA	871.355

Bráðabirgðaheimtaugar

<i>Málstærð</i>	<i>Stofngjald</i>
35 A einfasa	8.802
35 A þrífasa	12.645
60 A þrífasa	15.514

Tengigjald v/ skammtímanotkunar	2.750
Tengigjald við Akraneshöfn	2.188

**Iðnaðarhiti.
C-hluti.**

Mæla- og rofaleiga v/ húshitunar

1.	Einfasa	427
2.	Einfasa með liða	2.199
3.	Þrífasa	1.662

Vegna sölu á heitu vatni.

D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,60 \text{ kr/m}^2$ ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fastagjald á mánuði = $1.508 \text{ kr} + (F-130) \times 6,98 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 86,35 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.
- b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 115,42 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 280 kr/mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$: 502 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.543,00.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 558,00.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp- hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
Allt að 250 m^3	kr. 73.250
251-500 m^3	kr. 73.250 + $174,57 \text{ kr/m}^3$ yfir 250 m^3
501-1500 m^3	kr. 116.892 + $102,45 \text{ kr/m}^3$ yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	kr. 219.342 + $65,73 \text{ kr/m}^3$ yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	kr. 515.127 + $51,64 \text{ kr/m}^3$ yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 55.206. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 16.698 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.344 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 41 12. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 1998.

F. h. r.

Þórður Friðjónsson.

Steinunn Bjarman.

8. júlí 1998

Nr. 456

AUGLÝSING

um að fella úr gildi auglýsingu nr. 459, dags. 3. nóvember 1993.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 459, dags. 3. nóvember 1993, um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 841(1993), 873(1993) og 875(1993) um refsiaðgerðir gegn Haítí.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.